



Nefndarsvið Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1767
komudagur 11.3.2008

Reykjavík, 6. mars 2008
EBI/hó

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um lagningu raflína í jörð 315. mál
Tilv: 2008020027

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dagsett 20. febrúar sl. vegna ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Vegna þessarrar þingsályktunartillögu er rétt að vekja athygli nefndarinnar á samþykkttri tillögu búnaðarþings 2008 um bótarétt vegna framkvæmda í almannapágu. Ályktunin fylgir bréfi þessu. Þá teljum við nauðsynlegt að Bændasamtök Íslands eigi aðkomu að fyrirhugaðri nefnd sem er samkvæmt tillögunni ætlað að móta stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofar jarðar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Búnaðarþing 2008

Mál nr. 41

Bótaréttur vegna framkvæmda í almannabágu og framkvæmd eignarnáms

- A. Það er sjálfsögð krafa landeigenda að undirbúningur framkvæmda í almannabágu fylgi eftirfarandi ferli sem aðallega byggir á lögum um eignarnám.
- Gerður er samningur við landeigendur til að undirbúningsrannsóknir geti farið fram.
 - Ákvörðun framkvæmdaaðila um hvort ráðist verður í framkvæmdir
 - Samningaferli við landeigendur.
 - Náist samningar hefjast framkvæmdir með eðlilegum hætti
 - Náist samningar ekki er málinu vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta. Fyrsta aðgerð nefndarinnar er að leita sátta með aðilum.
 - Framkvæmdir hefjast ekki nema með heimild Matsnefndarinnar sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973.
 - Í engu tilfalli má hefja framkvæmdir nema þetta ferli sé til enda gengið.
- B. Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að samningsréttur landeigenda sé virtur ef gerðar eru breytingar á eldri mannvirkjum. og ef eigendaskipti verða á mannvirkjum sem reist hafa verið í almannabágu.
- C. Búnaðarþing 2008 krefst þess að Alþingi geri eftirfarandi lagabreytingar:
- Áréttuð er fyrri krafa Bændasamtaka Íslands um afnám 3. mgr. 40 gr. laga nr. 80/2007
- Krafist er að 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003 verði færð til samræmis við 5. mgr. 71. gr. sömu laga.
- Að annarri málsgrein 71. gr. laga 81/2003 verði breytt, þannig að eigandi fjarskiptavirkis sjái um og beri kostnað af flutningi þess ef nauðsyn ber til vegna verklegra framkvæmda.
- D. Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að skipulag vegna framkvæmda verði unnið í samráði við landeigendur.
- E. Búnaðarþing beinir því til landeigenda að leggja aukna áherslu á að fá árlegar leigugreiðslur en ekki eingreiðslur eins og tíðkast hefur.
- F. Búnaðarþing 2008 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem hafi eftirfarandi hlutverk:
- Kynna þeim fyrirtækjum sem við á, ályktanir búnaðarþings í þessu máli.
 - Kynna sveitarstjórnnum sömu ályktanir.
 - Standa fyrir kynningu á úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta og samningum við landeigendur eftir því sem við á.